



Öndunarfærasýkingar


Vika 4

23. – 29. janúar 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


Inflúensa

Aðeins færri greindust með staðfesta inflúensu í fjórðu viku ársins samanborið við viku 3. Undanfarnar vikur hefur tilfellum farið fækkandi en toppurinn var fyrr á ferðinni í vetur samanborið við meðaltal síðustu ára (Mynd 1). Ekki er útilokað að inflúensan haldi áfram og jafnvel komi annar toppur ef inflúensustofn B nær sér frekar á strik (Mynd 2).




Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila (frá hausti 2016). Athuga skal að veturinn 2020-2021 er ekki inni í meðaltali en þá greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

Í heildina greindust 35 með staðfesta inflúensu í viku 4, þar af 20 með inflúensustofn B, 13 með inflúensustofn A(H1) pdm09 og tveir með stofn A(H3) (Mynd 2).




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensutímabili.

Áfram greinast hlutfallslega flestir í aldurshópunum 0-4 ára og 65 ára og eldri, líkt og undanfarin inflúensutímabil (Mynd 3).



Mynd 3. Tíðni staðfestarar inflúensu eftir aldri. Veturinn 2022-2023 til og með 31. janúar 2023.


Klínískum greiningum á inflúensulíkum einkennum fer áfram fækkandi (Mynd 4).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkennum samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015-2022.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


Í fjórðu viku ársins greindust 105 með COVID-19, heldur fleiri en í viku 3 þegar óvenjufáir greindust. Hlutfall jákvæðra sýna hækkaði á milli vikna, úr 23% í 32% (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna veturinn 2022-2023.


Skarlatssótt og hálsbólga

Áfram greinast óvenjumargir með **skarlatssótt**, en fjöldi greininga í viku 4 var 50 (Mynd 6).



Mynd 6. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.

Fjöldi hálsbólugreininga jókst einnig á milli vikna en yfir 1200 greiningar voru gerðar í viku 4 (Mynd 7).



Mynd 7. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.


Eins og [fjallað hefur verið um áður](#) geta grúppu A steptókokkar (GAS) valdið bæði skarlatssótt og, ásamt mörgum öðrum sýklum, hálsbólgu. GAS geta einnig valdið alvarlegri ífarandi sýkingum og hefur undanfarið verið talsvert um slíkar innlagnir á Landspítala, bæði börn og fullorðnir. Ífarandi GAS er hins vegar ekki skráningarskyldur sjúkdómur svo ekki eru til gögn um tíðni þeirra.

RS og aðrar öndunarfærasýkingar

Í fjórðu viku ársins greindist 31 með RS veiru (RSV), sem er svipaður fjöldi og í viku 3. Þar af voru sjö börn undir eins árs aldri. Af öðrum öndunarfæra veirum greindist mest af Rhinoveiru en aukning var þar á milli vikna, 34 tilfelli í viku 4 samanborið við 24 í viku 3. Fjöldi Metapneumóveiru (hMPV) greininga var 17, sem er sambærilegt því sem greindist í viku 3. Frekari upplýsingar má nálgast á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).


Innlagnir á Landspítala

Fjöldi sem lagðist inn á Landspítala með eða vegna COVID-19 og RSV var aðeins hærri en í viku 3 en innlögnum vegna Inflúensu fækkaði lítillega á milli vikna (Mynd 8). Alls liggja nú 13 manns á Landspítala með eða vegna COVID-19 og er einn þeirra í öndunarvél á gjörgæslu.



Mynd 8. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV.

Sem fyrr eru innlagnir vegna COVID-19 og inflúensu algengastar meðal fólks 65 ára og eldra á meðan innlagnir vegna RSV eru algengastar meðal 0-2 ára barna (Mynd 9).



Mynd 9. Uppsafnaður fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir aldri.

Samantekt

Fjöldi greininga af staðfestri inflúensu var svipaður og í vikunni á undan. Yfir helmingur af inflúensugreiningum í viku 4 var af stofni B, sem er breyting frá undanförunum vikum. Fjöldi klínískra greininga af inflúensulíkum einkennum fer áfram fækkandi. Heldur fleiri greindust með COVID-19 í viku 4 samanborið við viku 3 og hlutfall jákvæðra sýna hækkaði einnig. Áfram greinast óvenjumargir með skarlatssótt og hálsbólgu samanborið við undangengin ár. Fjöldi greininga á Rhinoveiru jókst á milli vikna en svipaður fjöldi greindist með RSV og hMPV. Fjöldi sem lagðist inn á Landspítala með eða vegna COVID-19 og RSV var aðeins hærri en í vikunni á undan en innlögnum vegna inflúensu fækkaði lítillega.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

